

Alþingi  
Erindi nr. Þ 126/2015  
komudagur 24.4.2001



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
Alþingi  
150, Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2001

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dags. 10. apríl s.l vegna frumvarps til laga um skipan opinberra framkvæmda, 671. mál.

Ríkiskaup hafa kynnt sér efni frumvarpsins og þar sem hér er aðallega um breytingu að ræða sem leiðir af breytingu á lögum um opinber innkaup og stærsta breytingin að þessu leyti er sú að IV kafla laganna fellur niður þar sem tilgreindar voru ýmsar efnisreglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu, ákvæði um tilhögun útboða á verklegum framkvæmdum felld niður svo réttarræði til handa bjóðendum þar sem fjallað er um þessi atriði í lagafrumvarpi um opinber innkaup. Aðrar breytingar eru hvað varða starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að hafi sama hlutverk og Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins sbr. greinargerð sem fylgir með frumvarpinu.

Ríkiskaup sjá ekki ástæðu til athugasemda með frumvarpinu með tilvísun til framansagðs.

Virðingarfyllst  
f.h. Ríkiskaupa  
*Julius S. Olafsson*  
Július S. Ólafsson  
forstjóri